1.tbl.
8. jan. 2025
32 árg.

# Hlaupastelpan

*Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386*

# Gleðilegt nýtt ár 2025

## KÓTILETTUKVÖLD Í JARÐBÖÐUNUM

Gleðilegt árið kæru sveitungar og nærsveitungar! Nú er komið að kótilettukvöldi janúarmánaðar og þá bjóðum við upp á kótilettur frá kl. 18:00-19:30, eða meðan birgðir endast.

Verðið er 3.000 krónur, 2.000 krónur fyrir börn 4-12 ára og frítt fyrir 3ja ára og yngri. Hægt að setjast niður eða taka með og ef þið kjósið að taka með þá hvetjum við ykkur til að koma með eigin box til að minnka rusl. Við mælum eindregið með því að panta fyrirfram með því að senda okkur skilaboð á Facebook eða hringja í síma 464-4411, í síðasta lagi fyrir hádegi samdægurs.

Kærar kótilettukveðjur frá starfsfólki Jarðbaðanna!

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

# Hlaupastelpan

Hlaupastelpan er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,
Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

**hlaupastelpan@isl.is**

***Verðskrá:***

| | |
|---|---|
| ***Hálfsíðuauglýsing*** | ***kr. 4.600.– m.vsk*** |
| ***heilsiðuauglýsing*** | ***kr. 6.620.- m vsk.*** |

https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan



# Aðstoð í eldhúsi í Þingeyjarskóla

**Þingeyjarskóli auglýsir eftir aðstoð í eldhús. Um er að ræða 75% starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf um miðjan janúar 2025.**

Helstu verkefni

- Vinnur undir leiðsögn yfirmatráðs.
- Þátttaka í matseld fyrir nemendur og starfsfólk Þingeyjarskóla.
- Sér um að matur sé samkvæmt lýðheilsumarkmiðum, hollur, fjölbreyttur og snyrtilega framborinn.
- Frágangur og þrif í eldhúsi og matsal.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi er kostur.
- Skipulagshæfni, snyrtimennska og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskipum og frumkvæði í starfi.
- Stundvísi og áreiðanleiki.

Þingeyjarskóli er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með um 100 nemendur. Lögð er áhersla á samvinnu og sameiginlega ábyrgð starfsmanna á verkefnum skólans. Áhugasamir einstaklingar, án tilliti til kyns, eru hvattir til að sækja um.

**Við framlengjum umsóknarfrestin til og með 10. janúar 2025** og skulu umsóknir berast á netfangið lilja@thingskoli.is

Frekari upplýsingar veitir Lilja Friðriksdóttir, skólastjóri Þingeyjarskóla, í gegnum tölvupóst lilja@thingskoli.is og í síma 464-3580/847-2372.